

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum

Samtök leikjaframleiðenda (IGI) taka til umsagnar frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, mál nr. 711. Fyrst ber að nefna að íslensk leikjafyrirtæki hafa náð miklum árangri á síðustu misserum en þau hafa skapað mikið af fjölbreyttum og vel launuðum störfum í útflutningsiðnaði. Í því sambandi er skemmst að minnast á CCP sem nýverið var selt til kóresks fyrirtækis fyrir 425 m. USD.

IGI telja að Ísland eigi mikla möguleika til frekari vaxtar á sviði tölvuleikjaframleiðslu. Við það mat er litið til þess árangurs sem náðst hefur í nágrannalöndum okkar, Finnlandi og Svíþjóð. Í því fyrrnefnda hefur velta tölvuleikjaiðnaðar aukist úr 87 milljón evrum í 2.100 milljón evrur á árunum 2008 til 2018. Í Svíþjóð hefur vöxturinn á sama tímabili verið frá 100 milljón evrum í 1.872 milljón evrur. Auk þess hafa þúsundir af áhugaverðum og vel launuðum störfum orðið til í þessari atvinnugrein í löndunum.¹

Íslensk leikjafyrirtæki eru misstór. CCP er langstærst en fimm önnur leikjafyrirtæki hafa fengið fjármögnun frá fagfjárfesti (Series A), þ.á.m. 1939 Games og Solid Clouds. Auk þeirra eru fjöldamörg leikjafyrirtæki í rekstri eða í byrjunarfasa og er mikil gróska til staðar í iðnaðinum. Til mikils er að vinna að þessi gróska haldi áfram, ný fyrirtæki verði til og núverandi fyrirtæki vaxi og blómstri.

Rannsóknir hafa sýnt að hátæknifyrirtæki gegna lykilhlutverki í hagkerfinu við að búa til ný störf og við innleiðingu á nýrri tækni, sem drífur hagkerfið áfram og í því sambandi er greiður aðgangur að áhættufjármagni lykilforsenda fyrir vexti nýsköpunarfyrirtækja.²

Núverandi íslenskir vísisjóðir eru búnir að ráðstafa að mestu því fjármagni sem þeir hafa yfir að búa og því er brýnt að fleiri slíkir verði stofnaðir sem allra fyrst og þá helst á þessu ári til að styðja við framgang íslensks tölvuleikjaiðnaðar og annarra nýsköpunarfyrirtækja. Slíkt er sérstaklega mikilvægt núna fyrir íslenskt hagkerfi þar sem tölvuleikir eru tiltölulega ónæmir fyrir ytri áföllum eins og COVID-19 þar sem fólk þarfnast afþreyingar þegar það þarf að halda sig meira heima við en áður.

IGI fagna frumvarpinu en vilja þó koma eftirfarandi atriðum á framfæri sem samtökin telja til bóta.

1. Stjórn Kríu taki oftari ákvarðanir um fjárfestingar

¹ Finland Game Industry Report 2018 og Swedish Game Industry 2018.

² Massimo G. Colombo, Tertu Luukkonen, Philippe Mustar og Mike Wright (October 2010). *Venture Capital and High-Tech Start-ups* sjá https://www.researchgate.net/publication/47354063_Venture_capital_and_high-tech_start-ups

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvarðanir um fjárfestingu séu teknar einu sinni á ári. Það er bagalegt þar sem vísisjóður er kannski stofnaður í byrjun árs, á meðan t.d. árlegur fjárfestingarfundur Kríu væri í lok árs. Slíkt gæti tafið eða torvelað stofnun viðkomandi vísisjóðs þar sem forráðamenn og fjárfestar hans þurfa að bíða óþarflega lengi eftir svörum um hvort Kríu hugnist að fjárfesta í sjóðnum. Það skal líka haft í huga að aðeins sex íslenskir vísissjóðir hafa verið stofnaðir frá upphafi og því er líklegt að nýir íslenskir vísissjóðir verði ekki fleiri en einn eða tveir á ári og þar af leiðandi verða beiðnir um fjárfestingu frá Kríu jafn margar. Því telja samtökin bæði eðlilegt og skynsamlegt að tímasetning stjórnarfundar Kríu þar sem ákvarðanir eru teknar um fjárfestingu sé sniðin að því hvenær beiðni um fjárfestingu kemur frekar en að föstum fundartíma á árinu. Í þessu ljósi er hér lagt til að 2. mgr. í 3. gr. laganna falli á brott, þ.e. „Að jafnaði skal stjórn taka ákvarðanir um fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum einu sinni á ári.“ og í stað þess komi: „**Stjórn skal taka ákvörðun um fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum eins fljótt og auðið er eftir að umsókn hefur borist** “

3. gr. laganna verði þá með eftirfarandi hætti:

3. gr.

Hlutverk

Kría - Markáætlun um fjárfestingu í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum er heimilt að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum, sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, og sem uppfylla skilyrði laga þessara og reglna settra á grundvelli þeirra. Að hámarki getur eignarhluturinn numið 30% af viðkomandi sérhæfðum sjóði eða 2 milljörðum króna.

Stjórn skal taka ákvörðun um fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum eins fljótt og auðið er eftir að umsókn hefur borist.

2. Sérstakt ákvæði um sjóði sem stofnaðir eru á árinu 2020

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að vísissjóðir sem vilja eiga möguleika á fjárfestingu frá Kríu megi ekki hafa hafið fjárfestingar þegar aðkoma Kríu er ákveðin. Samtökin vilja benda á að verði það reyndin geti það valdið því að vísissjóður stofnaður á þessu ári geti ekki byrjað að fjárfesta þar sem hann þurfi að bíða svars frá stjórn Kríu eða þá að hann fyrirgeri rétti sínum til slíkrar fjárfestingar frá Kríu. Í því árferði sem núna er sérstaklega erfitt fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki að fá fjármagn og því afar mikilvægt að nýr vísissjóður taki sem fyrst til starfa. Í þessu ljósi er hér lagt til að aftan við lögin bætist eftirfarandi bráðabirgðaákvæði um fjárfestingarákvarðanir teknar á árinu 2020.

„Vísissjóðir stofnaðir á árinu 2020 og sem uppfylla skilyrði laganna og reglugerðar og sem stjórn vill fjárfesta í skulu eiga rétt á fjárfestingu frá Kríu - Markáætlunar um fjárfestingu í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum þegar hún hefur tekið til starfa óháð því hvort viðkomandi vísissjóðir séu byrjaðir að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.“

3. Fallið verði frá kröfu um tengsl við erlenda fjárfesta í sérhæfðum sjóðum

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gerð verði krafa um tengsl sérhæfðra sjóða við erlenda fjárfesta. Rökstuðningur fyrir því er annars vegar að þannig yfirfærast þekking og alþjóðlegt tengslanet inn í hinn íslenska vísissjóð og hins vegar að sjóðirnir öðlast þannig meiri tiltrú.


IGI vill í þessu sambandi benda á að íslenskir vísisjóðir eru þegar í miklum tengslum við erlenda vísisjóði gegnum sameiginlegar fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum þar sem íslenskir fjárfestingastjórar vísisfyrirtækja og erlendir fjárfestingastjórar erlendra vísisjóða sitja saman í stjórnnum. Gegnum slík stjórnarstörf fá íslenskir fjárfestingastjórar því tækifæri til að mynda tengsl og læra af erlendum vísisjóðum. Að öllu jöfnu eru bein tengsl við erlenda vísisjóði verðmætari en sambönd við fjárfesta í vísisjóði sem hafa mismikla þekkingu á rekstri þeirra.

Hvað varðar þá röksemd að íslenskir vísisjóðir öðlist meiri tiltrú með aðkomu erlendra fjárfesta vilja samtökin segja eftirfarandi: Sumir vísisjóðir út í heimi njóta meiri virðingar en aðrir en hún skapast fyrst og fremst af því að sjóðsstjórar viðkomandi sjóðs veðjuðu á rétta frumkvöðla sem náðu síðar miklum árangri. Eftir að vísisjóður hefur öðlast virðingu með að hafa fjárfest í réttum fyrirtækjum verður bæði auðveldara að ná í fjármagn og komast inn í fjárfestingu á vænlegustu fyrirtækjunum. Erlendur fjárfestir í íslenskum vísisjóð mun því ekki endilega auka traust á sjóðnum. Það er fyrst og fremst reynsla og árangur fjárfestingastjóra sem skiptir máli í því sambandi.

Íslenskir lífeyrissjóðir hafa hingað til verið fyrirferðamestir í fjárfestingum í íslenskum vísisjóðum og er viðbúið að svo verði áfram. Þeir hafa yfir að ráða bæði sérhæfðu starfsfólki á sviði fjárfestinga auk þess sem þeir hafa nú þegar töluverða reynslu af því að fjárfesta í vísisjóðum og telur IGI að lífeyrissjóðirnir þurfi ekki aðkomu erlendra fjárfesta til að geta tekið faglegar ákvarðanir um fjárfestingu í vísisjóðum.

Skilyrði um tengsl við erlenda fjárfesta mun gera það flóknara og tafsamara að stofna nýja vísisjóði og þá sérstaklega í því ástandi sem nú er þar sem hvert land tekur fyrst mið af eigin hag. Í ljósi framangreinds leggjast IGI gegn því að gerð verði skilyrði um erlenda fjárfestingu vegna aðkomu Kríu.

Fyrir hönd Samtaka leikjaframleiðenda (IGI)



Vignir Örn Guðmundsson, formaður